

Ályktun um endurskoðun hættumats ofanflóða

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, krefst þess að hraðað verði endurskoðun hættumats vegna ofanflóða. Án endurmats verða viðvarandi tafir á að sveitarfélög geti skipulagt ný svæði til uppbyggingar íbúða og atvinnuhúsnaðis.